

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 234/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 211/2013 um kröfur varðandi útgáfu vottorða vegna innflutnings til Sambandsins á spírum og fræjum sem ætluð eru til framleiðslu á spírum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 211/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur varðandi útgáfu vottorða vegna innflutnings til Sambandsins á spírum og fræjum sem ætluð eru til framleiðslu á spírum.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 704/2014 frá 25. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 211/2013 um kröfur varðandi útgáfu vottorða vegna innflutnings til Sambandsins á spírum og fræjum sem eru ætluð til framleiðslu á spírum.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 704/2014 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. apríl 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 704/2014**

frá 25. júní 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 211/2013 um kröfur varðandi útgáfu vottorða vegna innflutnings til Sambandsins á spírurum og fræjum sem eru ætluð til framleiðslu á spírurum**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 48. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 211/2013 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur varðandi útgáfu vottorða fyrir spírur eða fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírurum sem eru fluttar inn í Sambandið.
- 2) Við nýlega úttekt í þriðju löndum sem framkvæmd var af skoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar (Matvæla- og dýraheilbrigðissskrifstofan), fundust tilteknir ágallar. Þessir ágallar tengjast getu lögbærra yfirvalda til að votta að fræ, sem eru ætluð til framleiðslu á spírurum, séu framleidd í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) ⁽³⁾ nr. 852/2004, einkum almennu ákvæðin um hollustuhætti við frumframleiðslu og tengda starfsemi sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við reglugerðina.
- 3) Í því skyni að viðhalda neytendavernd í hæsta gæðaflokki meðan þriðju lönd grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að koma á fót traustu vottunarkerfi er rétt að heimila, sem annan valkost í upprunalandinu, að kröfum varðandi útgáfu vottorðs um almenna hollustuhætti við frumframleiðslu sé skipt út fyrir örverufræðilega prófun á fræjum, sem eru ætluð til framleiðslu á spírurum, áður en útflutningur til Sambandsins fer fram. Af þeirri ástæðu ætti einnig að breyta fyrirmyndinni að vottorðinu í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 211/2013.
- 4) Þessi ráðstöfun ætti að vera bundin tímamörkum þar til þriðju lönd hafa lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir fyrir því að ráðin hafi verið bót á annmörkunum.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 211/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Krafa varðandi útgáfu vottorðs

1. Vörusendingum af spírurum eða fræjum sem ætluð eru til framleiðslu á spírurum, sem fluttar eru inn í Sambandið og eru upprunnar í eða sendar frá þriðju löndum, skal fylgja vottorð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum, sem staðfestir að spírurnar eða fræin hafi verið framleidd við skilyrði sem eru í samræmi við almennu ákvæðin um hollustuhætti við frumframleiðslu og tengda starfsemi sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 og að spírurnar hafi verið framleiddar við skilyrði sem uppfylla kröfurnar um rekjanleika, sem mælt er fyrir um í framkvæmdareglugerð (ESB) nr. 208/2013 ⁽⁴⁾, hafi verið framleiddar í starfsstöðvum sem eru samþykktar í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 210/2013 ⁽⁵⁾ og uppfylli örverufræðilegu viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 211/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur varðandi útgáfu vottorða vegna innflutnings til Sambandsins á spírurum og fræjum sem eru ætluð til framleiðslu á spírurum (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 26).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur um rekjanleika að því er varðar spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírurum (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 210/2013 frá 11. mars 2013 um samþykki fyrir starfsstöðvum, sem framleiða spírur, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 24).“

Vottorðið og, eftir því sem við á, niðurstöður úr örverufræðilegri prófun vegna iðrabaktería eins og um getur í 4. mgr. þessarar greinar, skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum þess þriðja lands, sem sendir vörurnar, og þess aðildarríkis þar sem þær eru fluttar inn í ESB, eða þeim skal fylgja löggild þýðing á því tungumáli eða þeim tungumálum. Ef viðtökuaðildarríkið fer fram á það skal vottorðunum einnig fylgja löggild þýðing á þeim á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis. Aðildarríki getur þó fallist á að notað sé annað opinbert tungumál Bandalagsins en þess eigið.

2. Frumrit vottorðsins skal fylgja vörusendingunni þangað til hún kemur á þann áfangastað sem gefinn er upp í því.

3. Ef vörusendingunni er skipt upp skal afrit af vottorðinu fylgja hverjum hluta sendingarinnar.

4. Þrátt fyrir kröfuna í 1. mgr. um opinbera staðfestingu á því að fræin hafi verið framleidd í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 852/2004 og fram til 1. júlí 2015 gætu sendingar af fræjum til framleiðslu á spírum, sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins, þó þurft að gangast undir örverufræðilega prófun m.t.t. iðrabaktería til að sannreyna hollustusamleg skilyrði við framleiðslu áður en útflutningur á sér stað. Niðurstöður þessara örverufræðilegu prófana mega ekki fara yfir 1 000 cfu/g.

5. Óski lögbær yfirvöld þess skulu stjórnendur matvælaframleiðinga, sem framleiða spírum úr innfluttum fræjum, leggja fram vottorð og niðurstöður slíkra prófana.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur um rekjanleika að því er varðar spírum og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 210/2013 frá 11. mars 2013 um samþykki fyrir starfsstöðvum, sem framleiða spírum, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 24).“

2) Ákvæði 4. gr. falli brott.

3) Í stað fyrirmyndar að vottorði vegna innflutnings á spírum eða fræjum, sem eru ætluð til framleiðslu á spírum, í viðaukanum komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI VEGNA INNFLUTNINGS Á SPÍRUM EÐA FRÆJUM SEM ÆTLUÐ ERU
TIL FRAMLEIÐSLU Á SPÍRUM

LAND:

Vottorð vegna innflutnings til ESB

I. HLUTTI: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanr.		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.	
			I.3.		
			I.4.		
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanr.		I.6.		
	I.7. Uppruna-land	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland
					ISO-kóði
					I.10.
	I.11. Upprunastaður fræjanna og/eða spíranna Heiti Heimilisfang		I.12.		
	I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur		
	I.15. Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning Tilvísun í skjöl		I.16.		
			I.17.		
	I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-númer)		
			I.20. Magn (kg)		
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/>		I.22. Fjöldi pakkninga			
I.23. Nr. innsiglis/gáms		I.24. Tegund umbúða			
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til manneldis <input type="checkbox"/>					
I.26.		I.27.			
I.28. Auðkenning varanna Framleiðslufyrirtæki Fjöldi pakkninga Tegund vöru Eigin þyngd Númer framleiðslulotu					

LAND:

Vottorð vegna innflutnings á spírurum eða fræjum sem ætluð eru til framleiðslu á spírurum

II. hluti: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	
	<p>II.1.1. Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, lýsi því hér með yfir að mér er kunnugt um þau ákvæði í reglugerð (EB) nr. 852/2004 sem skipta máli og votta að:</p> <p>(¹) annaðhvort [II.1.1 fræin, sem lýst er hér að ofan, voru framleidd við skilyrði sem eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 og einkum almennu ákvæðin um hollustuhætti við frumframleiðslu og tengda starfsemi sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við hana],</p> <p>(¹) eða [II.1.1 farið hafa fram sýnatökur og prófanir á fræjunum til að greina iðrabakteriur og niðurstöðurnar fóru ekki yfir gildið 1 000 cfu/g (²). Rannsóknarstofan sem annast greiningarnar er faggilt samkvæmt ISO 17025 fyrir greiningarnar],</p> <p>II.1.2. spírurmar voru framleiddar í samþykktum starfsstöðvum í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 210/2013 (³),</p> <p>II.1.3. spírurmar voru framleiddar við skilyrði sem uppfylla kröfurnar um rektanleika, sem mælt er fyrir um í framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 (⁴) og uppfylla örverufræðilegu viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 (⁵).</p> <p>Athugasemdir</p> <p>I. hluti:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Reitur I.7: Tilgreinið ISO-kóða upprunalslands fræjanna. — Reitur I.11: Heiti upprunastaðar, sem verður að vera upprunandið í reit I.7. Vinsamlegast tilgreinið heiti og heimilisfang starfsstöðvarinnar sem safnar fræjunum og/eða spírurum. Stríkið yfir það sem á ekki við. — Reitur I.15: Skráningarnúmer (jámbrautarvagnar eða gámar og ökutæki), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef um er að ræða flutning í gámum skal tilgreina heildarfjölda gámanna og skráningarnúmer þeirra í reit I.23, auk raðnúmers innsiglisins, ef við á. Ef til af- og endurfremingar kemur skal sendandi upplýsa lögbær yfirvöld á viðeigandi eftirlitsstöðum í ESB um það (valkvætt). — Reitur I.19: Nota skal viðeigandi númer úr samræmdri tollskrá (ST-númer) Alþjóðatollastofnunarinnar: 0704 90, 0706 90, 0708 10, 0708 20, 0708 90, 0713 10, 0713 33, 0712 34, 0712 35, 0713 39, 0713 40, 0712 50, 0712 60, 0713 90, 0910 99, 1201 10, 1201 90, 1207 50, 1207 99, 1209 10, 1209 21, 1209 91, 1214 90. — Reitur I.20: Tilgreinið samanlagða heildarþyngd og samanlagða eigin þyngd í kg. — Reitur I.23: Tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma eða kassa. — Reitur I.28: Framleiðslufyrirtæki: Tilgreinið heiti framleiðslustöðva fræjanna. <p>II. hluti:</p> <ul style="list-style-type: none"> (¹) Stríkið yfir það sem á ekki við. (²) Við sýnatöku og prófun var tekið dæmigert sýni sem inniheldur a.m.k. 0.5% af þyngd framleiðslulotu fræjanna í 50 g undirsýnum. Úr þessu sýni voru fimm 25 g undirsýni tilreidd samkvæmt ISO 6887-4:2003 og greind m.t.t. iðrabaktería samkvæmt ISO 21528-2. (³) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 210/2013 frá 11. mars 2013 um samþykki fyrir starfsstöðvum, sem framleiða spírur, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 24). (⁴) Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur um rektanleika að því er varðar spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírurum (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16). (⁵) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1). — Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn. Það sama á við um stimpla nema þeir séu upphleyptir eða séu vatnsmerki. 		
Opinber skoðunarmaður	Menntun, hæfi og titill:		
Nafn (með hástöfum):	Undirskrift:		
Dagsetning:			
Stimpill ⁶			